

Forseti, ágætu bæjarfulltrúar.

Það töluvert síðan ég flutti síðustu skýrslu bæjarstjóra en það var 22. nóvember síðastliðinn. Þá viku, eða 26. nóvember var jólatréð tendrað á Akratorgi og Sigríður Indriðadóttir forseti bæjarstjórnar sagði frá jólatrénu og aðstoðaði systkinin Wiktoriu Fiszler og Przemyslaw Fiszler með tendrunina. Ég var hinsvegar með ræðu í íþróttahúsinu við Vesturgötu þann sama dag en við vorum að halda upp á 70 ára afmæli ÍA og 60 ára afmæli hússins. Ég mætti líka í viðtal við ungar stúlkur í Útvarpi Akraness þar sem ég var spurð flókinna spurninga eins og hvað væri uppáhalds jólasveinninn minn og jólalagið! Útvarp Akraness er frábært framtak hjá sundfélaginu og gaman að sjá krakkana spreyta sig í dagskrárgerðinni. Í vikunni á eftir, fyrstu vikunni í desember þar eigendafund Orkuveitunnar helst til tíðina en þar var

samþykkt áhættustefna Orkuveitunnar. Einnig sótti ég fund ásamt formanni bæjarráðs sem Samband íslenskra sveitarfélaga hélt með sveitarstjórnarmönnum og bæjarstjórum um kjarasamninga við kennara sem voru þá í uppnámi eftir að kennarar höfðu felld samninginn tvívegis. Sama kvöld fundaði ég með skólastjórum hér á Akranesi.

Á fundi bæjarráðs sem var haldinn þann 2. desember voru að venju mörg mál á dagskrá en þar var samþykkt að setja aðgangseyrir í Vitann, 300 krónur. Þennan fyrsta mánuð hafa tekjurnar verið 50 þúsund krónur vegna einstaklinga og 40 þúsund krónur vegna hópa. Það hefur ekki einn gestur hætt við að skoða vitann eða kvartað yfir aðgangseyrinum að sögn vitavarðarins. Við erum að taka saman tölur yfir gestakomur í vitann á síðasta ári en okkur sýnist að við höfum náð 11 þúsund gestum. Það eru ekki allir borgandi, þarna eru bæði börn og ellilífeyrisþegar ásamt gestum á

einstaka viðburði. Ef 50 % gestanna myndu greiða og það yrði sami fjöldi á þessu ári yrðu tekjurnar 1,5 mkr.

Ég endaði vikuna með fundi í fjármálaráðuneytinu vegna lífeyrisskuldbindingamála en það beið okkar að afla gagna frá sveitarfélögum, hjúkrunarheimilum og lífeyrissjóðum um nákvæma stöðu lífeyrisskuldbindinganna sem og samþykktum sveitar- og bæjarstjórna til að undirbúa samninga.

Á mánudeginum 6. desember héldum við fund um ípróttamál á Akranesi með fulltrúum allra aðildarfélaganna ÍA. Þar var rætt um byggingu fimleikahúss og kynntar annarsvegar grófar hugmyndir um viðbyggingu við ípróttahúsið á Vesturgötu og hinsvegar skoðaðar þær hugmyndir sem voru uppi á sínum tíma um uppbyggingu á Jaðarsbökkum. Jólafundur forstöðumanna var haldinn 7. desember og var mjög góð mæting en við fórum yfir drög að

framkvæmdaáætlun. Síðar í vikunni var aukafundur bæjarráðs vegna fjárhagsáætlunar og opinn fundur þar sem fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun til ársins 2017 til 2020 var kynnt.

Bæjarstjórn samþykkti síðan fjárhagsáætlunina og fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun á fundi sínum þann 13. desember. Þá viku var einnig fundur í fjármálaráðuneytinu vegna lífeyris- skuldbindinga. Ég átti samstarfsfund með fulltrúum Björgunarsveitar Akraness ásamt forstöðumanni menningar- og safnamála en við fórum yfir samning á milli Akraneskaupstaðar og björgunarsveitarinnar og þau verkefni sem sveitin sinnir fyrir kaupstaðinn og greiðslur.

Við höldum fund með framkvæmdastjóra og atvinnuráðgjöfum hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi vegna aðstöðu fyrir Fab lab en samtökin eru tilbúin að styrkja starfsemina hér

á Akranesi og leggja í það fjármagn til að auka aðgengi og opnunartíma.

Ég sótti enn einn fundinn vegna lífeyrisskuldbindinga í vikunni fyrir jól og ég sótti móttöku á vegum Golfklúbbsins Leyni og Gólf sambandi Íslands til að fagna glæsilegum árangri Valdísar Þóru Jónsdóttur sem tryggði sér keppnisrétt á LET Evrópumótaröðinni, sterkustu mótaröð Evrópu. Ég færði Valdísi blóm og flutti kveðju frá bæjarstjórn Akraness.

Annars bar vikan þess merki að það voru að koma jól og síðasta embættisverkið á Þorláksmessu var að heilsa upp á íbúa og starfsmenn á Holtsflötinni en þar var heitt súkkulaði og smákökur í boði.

Það var rólegt á bæjarskrifstofunni á milli jóla og nýárs, nokkrir fundir en annars tiltekt og tölvupóstsamskipti.

Fyrsta vikan í janúar hófst líka með allskyns innanhúss fundum. Ég hélt upplýsinga- og samráðsfund með öllum starfsmönnum

bæjarskrifstofunnar en slíkir fundir eru haldnir mánaðarlega, til að kynna fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun.

Ég fór á fund hjá Ask arkitektum ásamt varaformanni skipulags- og umhverfisráðs og sviðsstjóra en þeir voru að leggja lokahönd á tillögur sem voru síðan kynntar á sameiginlegum fundi ráðsins og bæjarstjórnar þann 19. janúar.

Ég tók einnig á móti einstaklingum í viðtöl og fulltrúum fyrirtækja, meðal annars fyrirtækis sem var að kynna þjónustu á sviði öryggismála, en við þurfum að fara í endurskoðun á þeim málum hjá okkur.

Við höldum fyrsta fund um bókun 1 í kjarasamningi kennara en auk mín sátu fundinn Særún Gestsdóttir og Samúel Þorsteinsson trúnaðarmenn í Brekkubæjarskóla, Gunnhildur Björnsdóttir og Hrafnhildur Jónsdóttir trúnaðarmenn í Grundaskóla, Arnbjörg Stefánsdóttir og

Magnús Benediktsson skólastjórnendur í Brekkubæjarskóla, Flosi Einarsson aðstoðar-skólastjóri í Grundaskóla, Steinar Adolfsson sviðsstjóri, og Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri sem skrifaði fundargerð.

Við ræddum um það sem hefur tekist vel við framkvæmd kjarasamningsins frá 2014 í grunnskólum Akraness og hvernig við getum bætt framkvæmdina. Samtalinu var framhaldið á fundi 11. janúar og næsti fundur er boðaður í næstu viku, 1. febrúar. Við fengum Vegvísi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga núna, þann 20. janúar, með leiðbeiningum um þessa vinnu og við munum að sjálfsögðu aðlaga okkar ferli að því sem kemur fram þar – í samráði við trúnaðarmenn.

Ég sótti að venju þrettándagleðina og í kjölfarið athöfn í íþróttahúsinu þar sem tilkynnt var um val á íþróttamanni ársins en það var Valdís Þóra Jónsdóttir sem hlaut titilinn í ár. Einnig fengu þau félög sem unnu titla á árinu

peningaupphæð frá Akraneskaupstað og var það formaður skóla- og frístundaráðs sem færði þeim félögum viðurkenninguna.

Vikan 9. til 15. janúar hófst á fundi með fulltrúum Faxaflóahafna og sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs varðandi Breiðina en sú breyting hefur orðið á eignarhaldi lóða, að HB Grandi hefur eignast töluvert landrými, meðal annars gámasvæði Faxaflóahafna. Fyrirtækið hefur áhuga á að snyrta til á þeim lóðum sem þeir eiga. Það skapaði ákveðna umræðu í samfélaginu, um að nú ætti að hrekja þá í burtu sem hefðu lifibrauð af beitingum og annarri sjávartengdri starfsemi. Það stendur ekki til en hinsvegar er verið að skoða að minnka geymslusvæði Faxaflóahafna og þá hugsanlega að forgangsraða inn á svæðið gámum sem tengjast sjávarútvegi. Að sama skapi þyrfti þá að finna lausnir fyrir hina. Málið er unnið áfram á skipulags- og umhverfissviði og kemur þá til kasta ráðsins fyrr en síðar. Ég



átti fund með fulltrúum skátahreyfingarinnar en þeir hafa óskað eftir þátttöku Akraneskaupstaðar á heimsmóti skáta sem verður haldið á Íslandi í lok júlí. Reiknað er með 400 manns hingað og óska skátarnir eftir leyfi til að setja upp tjaldborg á svæðinu hjá byggðasafninu og að Akraneskaupstaður setji upp salerni. Einnig óska þeir eftir einni léttri máltíð á mann en þátttakendur eru tilbúnir að taka þátt í sjálfboðavinnu á móti. Nú þegar hafa samtök hér á Akranesi haft samband og lýst yfir áhuga á að nýta starfskrafta skátanna.

Við fengum nokkra þingmenn Vinstri grænna í heimsókn, meðal annars Katrínu Jakobsdóttur formann og ég fór yfir helstu áherslumál okkar hér á Akranesi með þeim.

Þann 13. janúar var loksins skrifað undir fyrstu samningana um yfirtöku ríkisins á skuldbindingum hjúkrunarheimila og voru Akranes og Akureyri fremst í röðinni, Akranes á

undan og er því samningurinn við Höfða sá fyrsti sem nýr fjármálaráðherra gerir í embætti. Í síðustu viku var svo fyrsta formlega opnunin hjá nýjum Ferðamála, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Þórdísi Kolbrúnu Reykfjörð Gylfadóttur þegar nýtt tengivirki var tekið í notkun hér á Akranesi við formlega athöfn. Ég fór síðan í boð í Höfða í Reykjavík að lokinni þeirri athöfn til að fagna með borgarstjóra og stjórnun Orkuveitunnar, núverandi og fyrrverandi og starfsmönnum að Planinu væri endanlega lokið. Mikill áfangi sem Skagamenn eiga svo sannarlega þátt í. Fyrr um daginn fór ég á hjúkrunarheimilið Höfða og heilsaði upp á Stefán Bjarnason sem varð 100 ára þann dag og færði honum blóm frá Akraneskaupstað.

Á fimmtudeginum bauð skipulags- og umhverfisráð bæjarstjórn og bæjarstjóra á kynningarfund Ask arkitekta en tillaga um

sementsreitinn er nánast tilbúin til kynningar á meðal íbúa og í kjölfarið til auglýsingar.

Um helgina var svo sívinsælt Þorrablót Skagamanna haldið og formaður bæjarráðs veitti Dýrfinnu Torfadóttur nafnbótina Skagamaður ársins 2016.

Í gær átti ég fund með fulltrúum Norræna félagsins á Akranesi, þeim Katrínu Leifsdóttur og Rannveigu Þórisdóttur, um móttöku fulltrúa norrænna vinabæja á Akranes í sumar en þau koma á miðvikudeginum 5. júlí, og fara á sunnudeginum 8. júlí. Auk mín eru þær Ingibjörg Pálmadóttir og Sædís Sigurmundsdóttir í undirbúningsnefnd af hálfu Akraneskaupstaðar. Það verður nóg um að vera á Skaganum í sumar, Norðurlásmótið 22 til 25 júní, Írskir dagar fyrstu helgina í júlí, síðan þetta norræna mót, þá er fyrrnefnd beiðni frá skátunum um að taka á móti 400 ungum skátum á aldrinum 18 til 25 ára dagana 26. til

28. júlí og skemmtiferðaskipið Boreal á að leggjast að höfn 30. júlí.

Ég átti líka fund seinnipartinn í gær um ferðina til Tønder en í undirbúningi er að halda opna kynningu á ferðinni í lok febrúar næstkomandi og þá í samstarfi meðal annars Feban og Akraneskaupstaðar. Formaður velferðar- og mannréttindaráðs heldur utan um það mál.

Ég held að ég láti þessari yfirferð lokið og þakka góða áheyrn.

Akranesi 25. janúar 2017

Regína Ásvaldsdóttir